

Reglugerð nr. 53 um starfsreglur stjórnar vegna breytinga á reglugerðum

Fyrsta skref:

Í upphafi er fjallað um reglugerðir (nýjar eða breyttar) á stjórnarfundi FRÍ og ákveðið hvort reglugerðin fari í frekara ferli, þurfi úrvinnslu eða frekari skýringar. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

Annað skref:

Ef reglugerðin fer áfram til vinnslu þá metur stjórnin síðan hvort um sé að ræða minniháttar breytingar sem stjórn telur ekki að þarfnist sérstakrar umræðu í hreyfingunni. Hér mætti nefna sem dæmi lagfæringu á framsetningu, frekari skýringar á óljósu orðalagi, villum eða slíku sem nauðsynlegt er að lagfæra.

Ef tillagan er samþykkt á fundi stjórnar mun verða send út tilkynning um uppfærða eða nýja reglugerð, sbr. 17. gr. laga FRÍ, sbr. fimmta skref. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

Þriðja skref:

Ef um er að ræða að mati stjórnar stærri breytingu á reglugerðum þá mun FRÍ leggja þær fram þremur vikum fyrir formannafund til kynningar til aðildarfélaga.

Fjórdá skref:

Eftir umræður á formannafundi verður að nýju fjallað um reglugerð hjá stjórn FRÍ sem tekur ákvörðun um hvort samþykkja eigi reglugerðina, byggt m.a. á umsögnum í þriðja skrefi.

Fimmta skref:

Ef tillagan er samþykkt af stjórn mun verða send út tilkynning um uppfærða reglugerð, sbr. 17. gr. laga FRÍ.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu þá kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti.

Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu FRÍ en allar reglugerðir FRÍ sem í gildi eru hverju sinni má finna á einum stað á vefsvæði FRÍ: <https://fri.is/um-fri/log-og-reglur/reglugerdir-fri/>

Ef reglugerðin er ekki samþykkt er að öðrum kosti málið látið niður falla.

Saga

1. Samþykkt á stjórnarfundi FRÍ 23. apríl 2019 og birt á heimasíðu FRÍ
2. Breytt af stjórn FRÍ 2023 og gefin út sem reglugerð nr. 53 þann 21. febrúar 2023
3. Samþykkt svo hljóðandi á 64. Frjálsíþróttapingi á Sauðárkróki 16. mars 2024